

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989.

1. gr.

2. gr. reglugerðar nr. 308/1989 orðist svo:

Leiguakstur telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt öikumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra. Farangur skal flytja í farangursgeymslu bifreiðar, en þó má setja ferðatöskur inn í bifreiðina, ef farþegi krefst þess. Eigi er heimilt að flytja farangur án farþega nema í undantekningartilfellum, enda sé um að ræða flutning bréfa, skjala, blóma eða neyðarsendinga fyrir sjúkrahús. Félög sendibifreiðastjóra og fólksbifreiðastjóra skulu gera með sér nánara samkomulag um verkaskiptingu, sem samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. mars 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Helgi Jóhannesson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi árið 1990.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund skv. samþykkt um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs nr. 257/1988 verður kr. 6 000,00 á ári fyrir árið 1990. Skal gjaldið greitt í einu lagi með gjalddaga 1. mars.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda á árinu 1990.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*